

*bænda*  
FERÐIR

# LEYNDAR PERLUR AUSTUR-ÞÝSKALANDS



**17. – 24. ágúst 2025**

**Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir**

Sumar 19  
Þýskaland

## Ferðalýsing

Á slóðum fyrrum Austur-Þýskalands er sagan okkur svo nálæg en þó mörgum óþekkt. Við hefjum ferðina í menningarborginni **Leipzig**, sem stundum er kölluð hin nýja Berlín. Stórskáld Þjóðverja, Johann Wolfgang von Goethe, kallaði Leipzig sína litlu París í hinum þekktu harmleik Faust. Þar átti hann við hversu framsækin Leipzig var og hversu hratt hún stefndi í átt til stórborgar strax á 19. öld. Miðborg Leipzig er einstaklega falleg og í skoðunarferð verður farið um alla helstu sögustaði borgarinnar. Við heimsækjum þjóðgarðinn **Sächsische Schweiz** og lítum þar mikilfenglegt landslag sorfinna kletta, ásamt heillandi litlum þorpum, bæjum og fornum kastölum. Við munum einnig fara í dagsferð til borgarinnar **Dresden** en það telst með ólíkindum hversu vel heppnuð endurreisn Dresden var eftir seinni heimstyrjöld, þar sem eyðileggingin var mikil. Borgin er í dag þekkt fyrir stórkostleg listasöfn, hallir og hið fræga óperuhús Semper. Við líðum einnig á gondólum eftir síkjum hins græna skógarsvæðis **Spreewald** sem stundum hefur verið kallað bakgarður Berlínar. Ferðinni lýkur svo í sjálfri heimsborginni **Berlín** þar sem menning og listir blómstra sem aldrei fyrr enda er hún kraumandi suðupottur fjölmargra menningarheima. Í Berlín sjáum við ýmis kennileiti borgarinnar eins og leifar af **Berlínarmúrnum**, minnismerki um helförina og **Brandenborgarhliðið**. Í þessari frábæru ferð upplifum við hinar sögulegu perlor Austur-Þýskalands sem eftir fall múrsins hafa loks aftur náð fyrri dýrð og njótum einstakrar náttúrfegurðar.

**8 dagar | 7 nætur**

4 nætur Leipzig | 3 nætur Berlín



### 17. ágúst | Flug til Berlínar & ekið til Leipzig

Brottför frá Keflavík kl. 07:35. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Berlín kl. 13:10 að staðartíma. Frá Berlín verður ekið til Leipzig og gist þar fjórar nætur á góðu hóteli miðsvæðis.

### 18. ágúst | Leipzig skoðuð

Stórskáld Þjóðverja, Johann Wolfgang von Goethe, kallaði Leipzig sína litlu París. Miðbærinn er einstaklega heillandi og í skoðunarferð verður farið um alla helstu sögustaði borgarinnar. Við skoðum m.a. Tómasarkirkjuna þar sem Johann Sebastian Bach var lengst af organisti og tónlistarstjóri. Lítum á mikilfenglega minnisvarðann Völkerschlacht Denkmal um bardagann mikla milli hers Napóleons annars vegar og Rússa og Prússlands hins vegar. Nikolai kirkjan, sem var miðstöð andstöðuhreyfingarinnar, verður heimsótt en þar er áhugavert að skoða ýmsa muni sem minna á dagana fyrir fall múrsins.



## 19. ágúst | Þjóðgarðurinn Sächsische Schweiz



Sächsische Schweiz þjóðgarðurinn státar af einstöku landsvæði sorfinna kletta með fram ánni Elbe eða Saxelfi. Stefnt er á siglingu eftir fljótinu í þessu undurfagra landslagi. Á leið okkar sjáum við hina sérstöku sandsteinakletta, hugguleg þorp og hallir allt frá miðöldum. Við skoðum Königstein-virkið, ótrúlegt mannvirki sem gnæfir yfir Saxelfurdalnum en þaðan er útsýni í allar áttir svo langt sem augað

eygir. Landslagið í Sächsische Schweiz hefur í gegnum aldirnar heillað landslagsmálara en það eru margir sem telja þetta svæði til fallegustu staða á jörðinni.

## 20. ágúst | Dagsferð til Dresden

Dresden var nánast þurrkuð út í sprengjuárásam í lok seinni heimstyrjaldarinnar en hægt og rólega hefur tekist að endurbyggja borgina í sinni upprunalegu mynd. Miklum menningarverðmætum hafði verið komið í skjól áður en allt var sprengt í loft upp og er Dresden þekkt fyrir stórkostleg listasöfn, hallir og hið fræga óperuhús Semper. Við skoðum markverðustu byggingarnar og listaverk í skoðunarferð um borgina en síðan gefst frjáls tími til að kanna umhverfið og njóta lífsins.



## 21. ágúst | Spreewald og Berlín

Eftir morgunverð kveðjum við Leipzig og höldum til Berlínar. Rétt utan við borgina er náttúruverndarsvæðið Spreewald. Þetta friðsæla svæði er þakið grænum skógi og engjum sem skerast af fjölmörgum áveituskurðum. Til að upplifa svæðið eins náð og hægt er, er tilvalið að fara í gondólasiglingu á síkjunum frá bænum Lübbenau. Í Berlín gistum við í þrjár nætur á hóteli.



## 22. ágúst | Berlín



Hin sögufræga höfuðborg Berlín hefur verið aðsetur þjóðhöfðingja allt frá því hún var stofnuð á 13. öld og er í dag stærsta borg Þýskalands. Á ferð okkar um borgina munum við líta nokkur kennileiti með sterka tilvísun í umhlyppingasama sögu borgarinnar á síðustu öld, eins og leifar af Berlínarmúrnum, minnismarki um helförina og Brandenborgarhliðið.

Arkitektúr borgarinnar er mjög áhugaverður, bæði fornar byggingar og nýjar, eins og t.d. þinghúsið Reichstag og tónlistarhúsið Berliner Philharmonie.

### 23. ágúst | Frjáls dagur í Berlín

Þennan dag gefst hverjum og einum tími til að kanna borgina nánar á eigin vegum. Mögulega skoða eitthvað betur sem bar fyrir augu í skoðunarferð gærdagsins en einnig er upplagt að röltu um borgina, fara á söfn, setjast inn á kaffihús og horfa á mannlífið. Borgin er kraumandi suðupottur fjölmargra menningarheima, enda menning og listir í hávegum hafðar. Þetta endurspeglast í listalífi borgarinnar og safnaflóru.



### 24. ágúst | Heimferðardagur



Þá er komið að lokum þessarar frábæru ferðar. Eftir morgunverð verður haldið út á flugvöll en brottför er kl. 14:05 og áætluð landing í Keflavík kl. 15:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn



## Verð

278.900 kr. á mann í tvíbýli | 47.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Þrjár kvöldverðir á hótelum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar og vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Kvöldverðir aðrir en þeir sem eru innifaldir.
- ✓ Þjóf fé.

## Valfrjálst

- ✓ Sigling á Saxelfi u.þ.b. € 20.
- ✓ Sigling í Spreewald u.þ.b. € 10.

## Hótel:

- ✓ Seaside Park Hotel í Leipzig.
- ✓ H10 Berlín Ku'damm í Berlín.

## Nánari upplýsingar:

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

